


Fjöllin Vakna



HUGLEIKUR

2026



LEIKSTJÓRI:

María Björt Ármannsdóttir

HANDRIT:

Birgitta Björk Bergsdóttir, Ármann

Guðmundsson, María Björt Ármannsdóttir

HÖFUNDAR:

Leikhópurinn ásamt Birgittu

— byggt á íslenskum þjóðsögum og textum eftir ýmsa höfunda, s.s. Þorstein frá Hamri og Davíð Stefánsson

TÓNLIST:

Frumsamín tónlist eftir Loft S. Loftsson og Þorgeir Tryggvason. Önnur tónlist eftir Boots Randolph og James Q „Spider“ Rich, Eggert Hilmarsson, Jimmy Page og Robert Plant, og Magnús Eiríksson

LEIKENDUR

Birgitta Björk Bergsdóttir: Móberg, Leikskólabarn, Þjása, Púki

Eggert Þ. Rafnsson: Kalkspat, Huppa, Karl, Haraldur, Seiðkarl, Hörgá

Guðný Hrönn Sigmundsd.: Leirberg, Hyrna, Leikskólabarn, Buddha, Sigrún Hjörvar Pétursson: Flikruber, Skjalda, Kiðhús, Leikskólabarn, Eyjólfur, Hörgá, Bónði

Ísák Óli Bernharðsson: Bólstraberg, Hvít, Leikskólabarn, Gissur, Djákni

Loftur S. Loftsson: Silfurberg, Fjósamaður, Kennari, Sigurður, Faxi

Signý Hlín Halldórsdóttir: Rauðaberg, Kerling, Snípa, Púki, Guðrún, Selkona

HLJÓMSVEITIN KÁRI & KORRÍÓ

Þorgeir Tryggvason: Flutningur og leikhljóð

Ármann Guðmundsson: Flutningur og leikhljóð

STJÓRN 2025 — 2026

Ásta Gísladóttir, formaður

Eggert Þ. Rafnsson

María Björt Ármannsdóttir

Hannes Þórður Hafstein Þorvaldsson

Margrét Þorvaldsdóttir

Þráinn Sigvaldason


Hjörvar Pétursson

ADSTODARLEIKSTJÓRI: Birgitta Björk Bergsdóttir
FRAMKVÆMDASTJÓRI: Sara Rós Guðmundsdóttir
SAMFÉLAGSMIDLAR: Kára Dís Ólafsdóttir, Birgitta Björk Bergsdóttir og Ásta Gísladóttir
SÝNINGARSTJÓRAR: Hannes Þórður Hafstein Þorvaldsson og Þórarinn Stefánsson
LJÓSAHÖNNUN: Fjölur Gíslason
LEIKMYNDAHÖNNUN: Böðvar Páll Jónsson
HLJÓDHÖNNUN: Loftur S. Loftsson
LJÓS Á SÝNINGU: Eyjólfur Kristjánsson og María Björt Ármannsdóttir
UMBROT LEIKSKRÁR: Ásta Gísladóttir
HÖNNUN FORSÍÐU: Apríl Ýr Kro
LJÓSMYNDIR: Kára Dís Ólafsdóttir
LEIKMYND: Böðvar Páll Jónsson, Eggert Þ. Rafnsson, Ísak Óli Bernharðsson, Birgitta Björk Bergsdóttir og Sara Rós Guðmundsdóttir
HÖNNUN OG GERD GERVA: María Björt Ármannsdóttir
FÖRDUN: Sara Rós Guðmundsdóttir
MIDASALA: Fríða B. Andersen og Margrét Þorvaldsdóttir
ÞAKKIR: Apríl Ýr Kro, Álfaborg, Baldur Ragnarsson, Fjölur Gíslason, Húsasmiðjan, Ljótu Hálfvitarnir og Selma Rán Lima





ÁRMANN



EGGERT



GUÐNÝ



LOFTUR



MARÍA



BIRGITTA



BÖÐVAR



HJÖRVAR



ÍSAK



SIGNÝ



ÞORGEIR



ENDURVINNSLUSTÖÐIN

Er Hugleikur gervigreindarleikfélag?
Stutta svarið er líklega já.

Frá upphafi hefur Hugleikur litið á íslenska menningu eins og hráefni. Textaheild sem hann hefur gramsað í, hrist og hrært og spýtt svo út úr sér einhverju sem hann hefur gjarnan kallað frumsköpun, en er oftast en ekki missmeggleg endurvinnsla, byggð á promptinu „skrifaðu skemmtilegt og helst þínu glóruleaust leikrit upp úr íslenskum menningararfi. Með tónlist.“

Að sjálfsögðu hafa þjóðsögurnar lent fyrir stútnum á efnissugunni. Stundum með viðkomu hjá öðrum höfundum, t.d. í Skugga-Björgu og Sálum Jónanna – takk Matthías og Davíð – en líka bara ómengaðar, eins og í Kolrössu. Stundum hafa grunnhugmyndirnar verið sóttar í sagnaarfinn þó efnið sjálft hafi verið heimabrennt eins og í Hráskinnu þar sem draugar léku ljósum logum og

námsmaður reyndist hafa selt úr sér sálina í útlöndum.

Og á köflum hafa þjóðsagnaminni blandast efni úr öðrum áttum, eins og í Undir hamrinum, eða þegar skessurnar Auðlegð og Ástriður fóru með allskyns tröllskap og sauðamönnum var gandriðið í hel í Ég bera menn sá, sem var að öðru leyti fyrst og fremst jarðfræðilegt verk.

Allt hefur þetta síðan fengið á sig svip sem mörg kalla „hugleikskan“, sum „að vaða á skítugum skónum um menningararfinn“ en önnur verðlauna á degi íslenskrar tungu.

Öll viðbrögðin eru þannig séð rétt. Gervigreindin veit nefnilega ekkert hvað hvað hún er að gera og fyrir vikið saklaus eins og barn. Og verðskuldar hrós fyrir hvaðeina sem hún tekur sér fyrir hendur.

Þorgeir Tryggvason



ÁVARP FORMANNS

Frumskýningadagur 19. mars 2026.

Hvern hefði grunað þegar leikfélagið var stofnað að 42 árum síðar væru Hugleikarar enn að troða upp í litlum leikrýmum með splunkuný verk eftir hæfileikaríka höfunda sína eftir að hafa grautað vel í þjóðarfinum? Kannski alla, því þetta er það sem Hugleikur gerir jafnan best. Við erum nakta konan sem hættir aldrei að spinna í neyð sinni. Við tökum allar heimsins naglasúpur og framreiðum eftir okkar eigin uppskrift með dash af fáránleika og þykkri sneið af hæfileikum. Hugleikarar koma og fara og nýir bætast í hópinn en andinn helst alltaf sá sami. Hér skal brallað leikhús hvað sem það kostar. Og í ár kostar það afskaplega lítið því fátæka leikhúsið hefur klófest Hugleik sem aldrei fyrr. En ekki örvænta, það er hlutskipti hins sjálfstæða áhugaleikfélags að fadma að sér hið fátæka leikhús þegar harðnar í ári svo hægt sé að safna í sarpinn fyrir hinar mannmörgu og metnaðafullu sýningar í framhaldi.

Metnaðurinn er reyndar alltaf til staðar. Það er ekki lítill metnaður sem felst í því að ætla sér að spinna nýja leiksýningu upp úr þurru og



þjóðsögum. Og með tónlist þar að auki. María Björt og Birgitta Björk réðust í þetta þrekvirki án þess að blikka og afraksturinn er nú fullbúinn og frumsýndur. Rúmlega tuttugu manneskjur koma að verkinu með einum eða öðrum hætti en mest mæðir á þeim sjö leikurum sem vipa sér í allra kvikinda og kúa líki sem og hljómsveitinni Kári & Korrioró.

Ég vil óska leikfélaginu Hugleiki innilega til hamingju með enn eina rós í hnappgatið og er það ljóst sem endranær að sköpunarkrafturinn kostar ekkert nema blóð, svita og tár. En líka hamingju, innlifun og hlátur. Kæru leikhúsgestir - kerling mun svo sannarlega fá nokkuð fyrir snúð sinn og vel það.

Ásta Gísladóttir



FLÍSAR - PARKET - TEPPI - DÚKAR - BAÐHERBERGI - EFNI - VERKFERI

FYRIR FALLEG
heimili



 **ÁLFABORG**

Skútuvogi 4
104 Reykjavík
S: 568 67 55
alfaborg.is

ÁVARP LEIKSTJÓRA

Leikstýra og skapa devised leiksýningu. Tékk.

Mig langar að byrja þennan pistil á því að þakka henni Birgittu alveg sérstaklega mikið fyrir að segja já og leggja upp í þetta ferðalag með mér. Við vorum báðar að taka stórt skref út fyrir þægindarammann og að taka á okkur hlutverk sem við höfðum ekki prófað áður. Það er svo gaman að hafa tekið þetta stóra skref saman. Vonandi fáum við að gera meira að því.

Leikstjórn er eitt af því skemmtilegasta og erfiðasta sem ég hef gert og er ég leikhópnum og öllu baksviðs- og tónlistarfólki alveg rosalega þakklát. Þau settu 100% orku í alla þá vitleysu sem mér datt í hug án alls efa. Ég hef verið alveg ótrúlega heppin að fá að vinna með svona skemmtilegum, skapandi og frjóum hóp af fólki. Hláturtaugarnar



hafa svo sannarlega fengið að vinna fyrir sér.

Þetta hefur verið ótrúlega þroskandi og gefandi ferli og hefur það kveikt á enn einni sköpunarstöð í sálinni sem nauðsynlegt er að næra. Ég hef stækkað um allavega 10 stærðir sem listakona og gera vaxtarverkirnir vel vart við sig.

Takk fyrir mig!

María Björt







HÚSASMÍÐJAN

**FYRIR
ÞIG**

**Þú færð verkfærin
í Húsasmiðjunni**



Hugleikur er félagi í
Bandalagi íslenskra
leikfélaga